

Ólafur Liljurós

Ólafur reið með björgum fram.

Villir hann, stillir hann.

Hitti hann fyrir sér álfarann.

Þar rauður loginn brann.

Blíðan lagði byrinn undan björgunum

blíðan lagði byrinn undan björgunum

fram.

Þar kom út ein álfamær.

- Sú var ekki Kristi kær.

Þar kom út ein önnur.

- Hélt á silfurkönnu

Þar kom út hin þriðja.

- Með gullband um sig miðja.

Þar kom út hin fjórða.

- Hún tók svo til orða:

“Velkominn, Ólafur Liljurós!

- Gakk í björg og bú með oss.”

“Ekki vil ég með álfum búa,

- heldur vil ég á Krist minn trúa.”

Vendi ég mínu kvæði í kross.

- sankti María sé með oss.

Máninn hátt á himni skín

Máninn hátt á himni skín,

hrímfölnur og grár.

Líf og tími líður

og liðið er nú ár.

Bregðum blysum á loft

bleika lýsum grund.

Glottir tungl og hrín við hrönn

og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,

horfið kveðjum ár.

Dátt hér dansinn stígum,

dunar ísinn grár.

Komi hver sem koma vill

komdu nýja ár.

Dönsum dátt á svelli,

dunar ísinn blár.

Góða veislu gjöra skal

þar ég geng í dans.

Kveð ég um kóng Pípin

og Ólöfu dóttur hans.

Stígum fastar á fjöl

spörum ei vorn skó.

Guð mun ráða

hvar við dönsum næstu jól.

Nú er glatt í hverjum hól

Nú er glatt í hverjum hól
hátt nú allir kveði;
hinstu nótt um heilög jól
höldum álfagleði.

Fagurt er rökkrið

við ramman vættasöng

;,:syngjum dátt og dönsum

því nóttin er svo löng:,:

Kátir ljúflings kveðum lag,
kveðum draumbót snjalla,
kveðum glaðir Gýgjarslag,
glatt er nú á hjalla.

Viðlag:

Veit ég Faldafeykir er
fáránlegur slagur
og hann þreyta ætlum vér
áður en rennur dagur.

Viðlag:

Síðast reynum Rammaslag.
Rökkva látum betur.
það hið feiknum fyllta lag
fjörgað dansinn getur.

Viðlag:

Stóð ég úti í tunglsljósi

Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég út við skóg,
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra, og bar þá að mér fljótt,
;,:og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt:,:

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,
hornin jóa gullroðnu blika við lund,
eins og þegar álftrir af ísa grárri spöng
;,:fljúga suður heiði með fjaðrabýtt og söng:,:

Heilsaði hún mér drottningin
og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
;,:Eða var það feigðin, sem kallaði að mér?;,:

Nú árið er liðið

Nú árið er liðið í aldanna skaut
og aldrei það kemur til baka,
nú gengin er sérhver þess gleði og þraut,
það gjörvallt er runnið á eilíðar braut,
en minning þess víst skal þó vaka.

En hvers er að minnast? Og hvað er það þá,
sem helst skal í minningu geyma?
Nú allt er á fljúgandi ferð liðið hjá,
það flestallt er horfið í gleyskunnar sjá.
En miskunnsemd Guðs má ei gleyma.

Ó, gef þú oss, Drottinn, enn gleðilegt ár
og góðar og blessaðar tíðir.
Gef himneska dökk gegnum harmanna tár,
gef himneskan frið fyrir lausnarans sár
og eilífan unað um síðir.